

Reykjavík 23. nóvember 2015

Garðabær
Garðatorgi 7
210 Garðabæ

Efni: Samningur um afritun nótna og annars höfundaréttarvarins efnis

Fjölís hefur undanfarin misseri átt í samningaviðræðum við ráðuneyti menntamála um yfirtöku á samningum félagsins við sveitarfélögin, vegna afritunar nótna í tónlistarskólum. Markmið hennar er einföldun á innheimtumálum rétthafasamtaka í höfundarétti, hagræðing og sparnaður. Gangi þessi áform eftir mun ráðuneyti menntamála þá taka yfir þann hluta samninga sem sveitarfélögin hafa haft við Fjölís v. tónlistarskólanna og greiða fyrir þá þaðan í frá skv. samningi við sveitarfélögin. Fjölís mun við sama tækifæri einnig uppfæra heimildarákvæði samningsins og heimila stafræna afritun og rafræna dreifingu efnis.

Til skoðunar er einnig einföldun á innheimtu endurgjalds vegna stjórnsýslu sveitarfélaganna með aðkomu Jöfnunarsjóðs.

Til stóð að undirrita nýjan samning á þessu ári en enn hefur ekki orðið af því þar sem margir koma að málum og úrlausnarefni hafa tafist af ýmsum orsökum. Stefnt er að því að ljúka samningsgerð hið fyrsta en líklega verður þó ekki af því fyrr en á nýju ári og mun þá nýr samningur væntanlega taka gildi 2017.

Nú hefur endurgjald vegna ársins 2015 verið reiknað út og af því tilefni stofnuð rafræn krafa á kennitölu sveitarfélagsins. Endurgjaldið tekur mið af því að fjöldi nemenda og kennara í tónlistarskólum bæjarins séu 390 talsins og stöðugildi innan sveitarfélagsins 380. Þessar forsendur hafa ekki breyst frá því samingurinn var undirritaður upphaflega. Endurgjaldið tekur vísitölubreytingum milli ára og er í ár 623.432 kr. eða um 1.045 kr. á hvern nemanda/starfsmann í tónlistarskólum og 568 kr. vegna hvers stöðugildis.

Með bestu kveðjum,


Helga Sigrún Harðardóttir
framkvæmdastjóri Fjölíss